

(B. XI, 4).

Nd.

64. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um afnám laga nr. 7, 6. júní 1923, um breyting á lögum um friðun á laxi.

Frá Magnúsi Torfasyni.

1. Í stað frumvarpsgreinarinnar komi tvær greinar:

a.

1. gr.

Á eftir 2. málslíð 1. gr. í lögum um friðun á laxi, 19. febr. 1886, komi:
Í Ölfusá og Hvítá í Árnessýslu sje þó veiðitíminn frá 1. júní til 31. ágúst,
en í ám þeim, sem í þær renna. frá 1. júlí til 30. september.

b.

2. gr.

Lög nr. 7, 6. júní 1923, um breyting á lögum um friðun á laxi, eru úr
gildi numin.

2. Fyrirsögnin orðist svo:

Frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga um friðun á laxi, nr. 5 1886,
og afnám laga nr. 7, 6. júní 1923.